

Uppsetning, notkun og viðhald á Bowman kælum

Mikilvægt er að setja kælinn upp eins og sýnt er á meðfylgjandi teikningu til að tryggja að kælinn sé fullur af vatni þegar hann er í notkun. Tengid rörin inn á kælinn þannig að kælivatn og olía streymi í gagnstæðar áttir.

Ef notaður er tveggja porta loki (ON/OFF) til að stjórna vatni inn á kælinn þarf að staðsetja lokann á inntaks lögn kælís til að kælinn verði ekki fyrir óþarfa þrýstingi frá kælivatnsdælu þegar hann er ekki í notkun. Gæta verður þess að nota ekki meira vatnsmagn (l/min) inn á kælinn en það sem framleiðandinn mælir með. Einnig verður að gæta að pH-gild vatnsins sé á bilinu 7,2 til 7,8.

Í vökvakerfum er kælinn venjulega hafður á "retur" leiðslu fyrir framan tank eins og sýnt er á meðfylgjandi vökvaskema. Ef hættu er á kröftugum sveiflum í kælivökvaflæði og þrýstingi er ráðlagt að setja upp sér kælivatnsdælu fyrir kælinn. Þá er ráðlagt að hafa olíuþrýsting í kæli hærri en kælivatnsþrýsting til að tryggja að vatn komist síður í olíuna ef kælinn færir að leka.

